ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Miðvikudagur 19. júlí 1989



Borgarráð gerði engar meiriháttar athugasemdir við kaupin á Broadway. En minnihlutinn gagnrýndi að vanda vinnubrögð borgarstjórans. A—mynd / Ari.

Borgin keypti Broadway á 118 milljónir

Reykjavíkurborg hefur gengið frá kaupum á veitingahúsinu Broadway, í eigu Ólafs Laufdal. Samningur var gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og ráðið samþykkti kaupin á fundi sínum í gær. Kaupverðið er nálægt 118 milljónum króna, en matsverð hússins liggur einhversstaðar nærri 170 milljónum. Borgin greiðir tæpar 18 milljónir út, með því að greiða fasteignagjöld seljanda að upphæð 4 milljónir og hann fær að auki þrjár lóðir í miðborginni, samtals að verðmæti 13.5 milljónir króna. Eftirstöðvar greiðast á 12 árum.

Bjarni P. Magnússon, borgarfulltrúi Alþýðuflokksins, sagði að borgin hefði gert góð kaup og menn væru í sjálfu sér sáttir við þau. Hann sagði hinsvegar að minnihlutinn hefði látið bóka að með þessu teldi hann ekki að verið væri að leysa skort á félagsaðstöðu fyrir nemendur í Seljaskóla. Bjarni sagði einnig að minnihlutinn hefði gagnrýnt málsmeðferðina af hálfu borgarstjóra, málið hefði verið lítt og illa kynnt fyrir minnihlutanum. Hann nefndi einnig að minnihlutinn vildi áfram fá unglingahús í miðbænum, kaupin á Broadway breyttu engu um það.

Alþjóðleg nútímalist á Kjarvalsstöðum:


Verkin tryggð fyrir 300 milljónir króna

Á laugardaginn, síðdegis, verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á alþjóðlegri nútímalist. Alls verða á þriðja tug verka eftir jafn marga sýnendur á sýningunni og listamennirnir eiga það sammerkt að vera með þeim allra frægustu í nútímalistinni í dag. Þarna verða Andy Warhol, Richard Long, Donald Judd, Sigmar Polke, Mario Mertz, Frank Stella og eru þá aðeins örfáir nefndir. Sýningin kemur frá Epinal safninu í Frakklandi sem er eitt hið fremsta á sviði nútímalistarinnar í Evrópu í dag.

Á sýningunni er leitast við að gefa hugmynd um þróun listarinnar frá og með popp-listinni bæði vestan hafs og austan og þarna eru verk sem margfræg hafa orðið í menningarsögu síðustu áratuga, t.d. má nefna mynd Warhols af Campell-súpudósunum sem sennilegast er almenningi best kunn.

Það er sem fyrr segir Epinal safnið í Frakklandi sem stendur að sýningunni í samvinnu við Kjarvalsstaði, en sýningin er hingað komin eftir að fimm franskir safnstjórar fóru mikla ferð um Norðurlöndin og kynntust norrænni list og kynntu um leið það sem þeir höfðu upp á bjóða. Að sögn Gunnars Kvaran forstöðumanns Kjarvalsstaða er tryggningarupphæð sýningarinnar um 300 milljónir.

Það má með sanni segja að Kjarvalsstaðir skarti að mörgu leyti sínu fegursta frá og með laugardeginum, því þar hangir enn uppi hin stórbrotna ljósmyndasýning Yosuf Karsh og að auki uppstillingar Kjarvals í Kjarvalssalnum. Sýningin á nútímalistaverkunum stendur hinsvegar í mánuð, til 20. ágúst.



Bernard Huin, forstöðumaður Epinal listasafnsins og Gunnar B. Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, virða fyrir sér mynd eftir Helmut Newton sem verið var að setja upp í sýningarsölum Kjarvalsstaða í gær. A—mynd / Ari.

Guðrún Helgadóttir áfram um að Alþingi kaupi Hótel Borg:


Vandalaust að komast að góðum samningum

Ákvörðun tekin þegar þing kemur saman

Fram hefur komið í fréttum að eigendur Hótel Borgar hafa ákveðið að framlengja ekki leigusamning um rekstur hótelsins, en Ólafur Laufdal hefur haft það á leigu og rennur samningur hans út 1. september. Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs þings, sagði í viðtali við Alþýðublaðið í gær að haldin hefði verið fundur með eigendunum og á honum ákveðið að vinna áfram að málinu. Eigendurnir eru áfram um að selja og Guðrún staðfesti að Alþingi hefði enn mikinn áhuga á að kaupa húsið undir starfsemi sína. Guðrún sagði það vandalaust að komast að góðum samningum við eigendur.

„Það er vilji forseta þingsins að kaupa Hótel Borg, það fer ekki milli mála. Og reyndar líka meirihluta fjárveitinganefndar og þingsins en það verður ekki tekin nein ákvörðun fyrr en þing kemur saman.“ Guðrún sagði að Alþingi hefði farið fram á að leigusamningur um hótelrekstur yrði ekki framlengdur til langs tíma en jafnframt að það væri Alþingi að meinalausu að húsið yrði í rekstri til áramóta. Sem fyrr segir hafa eigendur Hótels Borgar ákveðið að framlengja ekki leigusamninginn og Guðrún sagði af því tilefni að það væri því ekki Alþingi sem væri að leggja niður hótelreksturinn, hann væri aflagður. „Ég hef ekki eyðilagt hjarta borgarinnar, það hafa aðrir gert og það er einfalt með Hótel Borg að fólk vill ekki leigja sér hótelherbergi lengur sem hvorki hefur klósett né bað. Þetta hentar ekki nútíma hótelrekstri.“ Guðrún sagði ennfremur að varðandi veitingareksturinn þá hefði enginn sagt að hann þyrfti nauðsynlega að leggjast af. „Það eru óskiljanleg rök að halda því fram að þó Alþingi yfirtaki húsið dragi það úr lífi í miðbænum, eina lífið við Austurvöll er Alþingishúsið. Nema menn eigi við hádegisbarinn en ég verð víst að hryggja menn með því að hann verður lagður af.“


Guðrún sagði aðspurð að hún sæi ekki að þjóðfélagið hefði nein efni á því að byggja þinghús í augnablikinu, til þess væri heldur engin fjárveiting, en áætlun hljóðar upp á 4 milljarða. „Ég hef hinsvegar ekkert á móti því að þarna verði byggt síðar. En um leið skuldum við borgarbúum að byggja ekki þarna hús sem engin veit hvernig fer saman við ráðhúsið. Það er ekki gert ráð fyrir ráðhúsinu þegar þinghúsið er teiknað. Þetta verður að skoða og ég vil benda á stórslys í arkitektúr eins og t.d. Landsbókasafnið og Þjóðleikhúsið, hvort um sig fagurt hús en fáránleg saman. Ég kæri mig ekki um að eiga þátt í slíku.“



Hádegisbarinn á Borginni verður aflagður, segir Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs þings. A—mynd / Ari.

VEÐRIÐ Í DAG

Í dag verður ríkjandi hæg suðvestanátt um allt land. Á vestur- og suðvesturlandi skýjað og súld öðru hverju. Víða léttskýjað norðan og austan til og hiti allt að 20 stig. Kaldara verður vestan til 9-12 stig.



Hitastig í nokkrum landshlutum kl. 12 í dag.